



Grímsnes-og Grafningshreppur
b.t. Fjólu St. Kristinsdóttur, sveitarstjóra
Borg
805 Selfossi

Dagsetning 20.4.2026
Málsnúmer IRN26010087

Styrkumsókn vegna stækkunar Bláskóga á Sólheimum

Vísað er til erindis Sólheima og Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 24. mars 2026, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna stækkunar á Bláskógum sem er níu íbúða sambýli. Erindið var tekið til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þann 10. apríl sl.

Sótt var um vegna stækkunar í ljósi mikillar og vaxandi þarfar. Verkið skiptist upp í tvo áfanga sem unnir eru samhliða. Fyrri áfangi felur í sér stækkun hluta sameiginlegs rýmis, þ.e. stækka borðstofu og forstofu, þannig að rými fyrir hjólastóla og aðgengi verði betra og einnig á að bæta við þriðja starfsmannaherbergi. Annar áfangi felur í sér að bæta við tveimur stúdíóíbúðareiningum með baði. Eftir stækkun yrðu 5 íbúðarrými á tveimur fastanúmerum. Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nam 73.695.154 kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli 2. gr., e-liðar reglugerðar um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nr. 201/2026. Þar segir að framlag Fasteignasjóðs geti numið allt að 30% af kostnaði.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja framlag til Grímsnes- og Grafningshrepps vegna Sólheima að fjárhæð 22.108.546 kr.

Fyrir hönd ráðherra,


Guðni Geir Einarsson


Sigrún Dögg Kvaran